



**KEF**LAVÍKURFLUGVÖLLUR

# Aðgerðareglur vegna óveðurs á Keflavíkurflugvelli.



2. útgáfa  
September 2009

Keflavíkurlugvöllur o.h.f setur reglur um aðgerðir vegna slæmra veðurskilyrða, svo að tryggja megi öryggi farþega, starfsfólks og tækja sem best.

Fyrir hönd forstjóra Keflavíkurlugvallar o.h.f. starfa:

- a) Veðuröryggisnefnd Keflavíkurlugvallar, sem hefur umsjón með þessum verklagsreglum og
- b) Veðuraðgerðastjórn Keflavíkurlugvallar, sem sér um stjórnun aðgerða.

Keflavíkurlugvelli júní 2009



---

Björn Óli hauksson  
forstjóri

## **Veðuröryggisnefnd Keflavíkurlflugvallar skipa:**

Trausti Tómasson, samræmingarstjóri Keflavíkurlflugvallar o.h.f. formaður nefndarinnar  
Einar Már Jóhannesson, rekstrarstjóri Keflavíkurlflugvallar o.h.f.  
Haraldur Ólafsson, framkvæmdastjóri flugleiðsögusviðs Keflavíkurlflugvallar o.h.f.  
Tómas B. Ólafsson, gæðastjóri Keflavíkurlflugvallar o.h.f.

## **Hlutverk veðuröryggisnefndar:**

Veðuröryggisnefndin setur aðgerðareglur vegna slæmra veðurskilyrða á flugvellingum. Nefndin fylgist einnig með framkvæmd reglnanna og gerir þær úrbætur, sem þörf kann að vera á.

Formaður veðuröryggisnefndar er ábyrgur fyrir uppfærslu þessara reglna. Reglurnar skulu uppfærðar eftir þörfum og að minnsta kosti í ágúst ár hvert og þær sendar til viðeigandi aðila.

## Veðuraðgerðastjórn Keflavíkurlugvallar skipa:

Aðalaðgerðastjóri kl. 0800 -1600 á virkum dögum:

Trausti Tómasson

Netfang: [trausti.tomasson@kefairport.is](mailto:trausti.tomasson@kefairport.is) . Símanúmer: 425 6060 og 664 0391.

Aðalaðgerðastjóri á öðrum tímum:

Aðalvarðstjóri/varðstjóri/aðgerðastjóri Flugturns.

Netfang: [atc@kefairport.is](mailto:atc@kefairport.is) . Símanúmer: 425 6062

Einar Már Jóhannesson

Netfang: [enar.mar@kefairport.is](mailto:enar.mar@kefairport.is) . Símanúmer: 863 0176, 425 6401.

Snjókongur, aðgerðastjóri flugþjónustudeildar

Netfang: [snowking@kefairport.is](mailto:snowking@kefairport.is) . Símanúmer: 425 6127 / 664 0379

## Hlutverk veðuraðgerðastjórnar:

Veðuraðgerðastjórnin stýrir aðgerðum vegna slæmra veðurskilyrða á flugvöllinum. Aðgerðastjórnin fer eftir aðgerðareglum þessum og á samvinnu við hlutaðeigandi aðila um framgang aðgerða. Fylgiskjöl með þessum aðgerðareglum skulu höfð til hliðsjónar við ákvarðanir.

Aðalaðgerðastjóri lætur vita með tölvupósti, SMS eða símafundi með afgreiðsluaðilum eða öðrum að hans mati, ef spáð er 40 hnúta meðalvindi eða meira á næstunni. Tilkynningar aðalaðgerðastjóra skal senda þeim sem taldir eru upp í meðfylgjandi töflu. Í framhaldi af því kallar hann veðuraðgerðastjórnina saman. Aðalaðgerðastjóri skal halda skýrslur um störf veðuraðgerðastjórnarinnar, sem hann upplýsir síðan veðuröryggisnefndina um.

Vindstyrkur er mældur af ASOS mæli við brautamót Keflavíkurlugvallar (10 mínútna meðaltal).

Það er á ábyrgð aðgerðastjórnarinnar að taka ákvörðun um það, hvort hægt sé að nota FLE til þess að afgreiða flugvélar, þegar vindur fer yfir þau viðmiðunarmörk, sem getið er um í aðgerðaáætlunum. Þær flugvélar sem þá eru komnar á stæði við FLE, eru á ábyrgð hlutaðeigandi flugfélags eða afgreiðsluaðila.

## Hlutverk annarra hagsmunaaðila:

### Afgreiðsluaðilar:

Sérhver afgreiðsluaðili skal tilnefna aðgerðastjóra fyrir sína hönd og þess flugrekanda, sem hann þjónar, sem tengilið við aðgerðastjórnina um leið og aðgerðaáætlun er sett í gang. Hlutverk aðgerðastjóra afgreiðsluaðila skal vera að taka ákvörðun í samráði við aðgerðastjórn um það, hvornig standa skuli að afgreiðslu þeirra flugvéla, sem annaðhvort eru lentar eða eru á flugvellinum, þegar óveður skellur á.

Aðgerðastjóri afgreiðsluaðila skal einnig sjá um það að upplýsa sitt starfsfólk um það, hvornig haga skuli afgreiðslu hverju sinni með tilliti til aðstæðna. Sé búist við meira en 50 hnúta vindi, skal aðgerðastjórinn sjá um að upplýsingar um það berist væntanlegum viðskiptavinum afgreiðsluaðilans.

Sérhver afgreiðsluaðili skal setja eigin aðgerðareglur vegna slæmra veðurskilyrða.

Tilvísanir:

- a) Aðgerðaáætlun IGS.

### Flugdeildir og flugliðar:

Flugdeild viðkomandi flugfélags skal koma upplýsingum til flugstjóra um aðstæður á flugvellinum þegar aðstæður eru þannig, að ekki er hægt að afgreiða flugvélar við FLE. Ef veðurspá gerir ráð fyrir 50 hnútum og þar yfir, ber flugdeild viðkomandi flugfélags að meta það með flugstjórum flugvéla á leið til Keflavíkurlflugvallar, hvort betra sé að beina flugvélum á varavöll frekar en að lenda í Keflavík.

### Flugstöð Leifs Eiríkssonar:

Ekki er hægt að nota flugvélastæðin / landgöngubrýr við FLE þegar vindur er 50 hnútar eða þar yfir. Ef flugvélar lenda við þessi skilyrði, skulu þær bíða á akstursbraut eða öðrum þeim stað á flugvellinum, sem flugturn úthlutar hverju sinni. Þar skal beðið þangað til vindstyrkur fer niður í þau mörk, sem leyfa notkun landgöngubrúa. Ef flugvélar eru við landgöngubrýr, þegar vindur nær þessum styrk skal færa landgöngubrú frá flugvélinni og bíða þangað til dregur úr vindi.

Hafa ber í huga, að 50 hnúta vindur (25 m/s) er sá hámarksvindur, sem hægt er að nota landgöngubrýr við miðað við bestu aðstæður eins og þurrt flughlað og góð bremsuskilyrði.

Tilvísanir:

- a) Reglur FLE um stjórn og meðferð landgöngubrúa.
- b) Viðbragðsáætlun vegna óveðurs. Aðgerðir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

**Eftirfarandi aðilar skulu fá tilkynningar aðalaðgerðastjóra um aðgerðir:**

Nafn	Fyrirtæki	Staða
Björn Óli hauksson	KEF ohf	Forstjóri
Aðalvarðstjóri flugturni	KEF ohf	Aðalvarðstjóri flugturni
Aðalvarðstjórar slökkviliðs	KEF ohf	Aðalvarðstjórar slökkviliðs
Aðstoðarslökkviliðsstjórar	KEF ohf	Aðstoðarslökkviliðsstjórar
Flugvallarverðir	KEF ohf	Flugvallarverðir
Snjóköngar	KEF ohf	Snjóköngar
Stefán Thordersen	KEF ohf	Frkvstj. Öryggisviðs
Friðþór Eydal	KEF ohf	Upplýsingafulltrúi
Grétar Hermannsson	KEF ohf	Aðalvarðstjóri Öryggisviðs
Haraldur Ólafsson	KEF ohf	Frkv.stj.Flugleiðsógusviðs
Helgi Haraldsson	KEF ohf	Yfiretirlitsmaður Öryggisviðs
Hjörtur Hannesson	KEF ohf	Deildarstjóri Flugvallarþj. deildar
Lúðvík Rúnarsson	KEF ohf	Aðalvarðstjóri Öryggisviðs
Ólafur Ásmundsson	KEF ohf	Slökkviliðsstjóri
Ómar Sveinsson	KEF ohf	Frkvstj. Flugvallarsviðs
Sigurður H. Ólafsson	KEF ohf	Áætlana- og þróunarsvið
Tómas B. Ólafsson	KEF ohf	Gæðastjóri
Trausti Tómasson	KEF ohf	Aðalaðgerðastjóri
Einar Már Jóhannesson	KEF ohf	Aðgerðastjóri
Halldór Rúnar Þorkelsson	KEF ohf	Öryggis- og þjónustufulltrúi
Kristján Karlsson	KEF ohf	Þjónustufulltrúi
A. Óskarsson ehf.	A.Óskars	Rafverktaki
Ástþór Ingason	ICEAIR	Mgr Stations
Ops Control	ICEAIR	Ops Control
Flugumsjón	ICEAIR	Flugumsjón Vaktstjóri
Gunnar Olsen	IGS	Framkvæmdarstjóri
Hleðslueftirlit/ flugumsjón	IGS	Hleðslueftirlit/ flugumsjón
Verkstjórar á flughlaði	IGS	Verkstjórar á flughlaði
Einar Hannesson	IGS	Rekstrarstjóri
Guðjón Skúlason	IGS	Gæðastjóri
Flugvirkjar	ITS	Flugvirkjar
Flugvirkjar í FLE	ITS	Flugvirkjar í FLE
Theodór Brynjólfsson	ITS	Manager Production
Þorvarður Jónsson	ITS	Supervisor Base line
Flugumsjón Bláfugls	BF	Flugumsjón
Flugumsjón Suðurflugs	SF	Flugumsjón
Flugumsjón Vallarvina	VV	Flugumsjón
Vaktstjórar	EAK	Vaktstjórar
Vilberg Karlsson	EBK	Stöðvarstjóri
Egill Ólafsson	DC	Varðstjóri öryggisgæslu FLE
Landamæralögreglan KEF	DC	Landamæralögreglan KEF

## Aðgerðaáætlun vegna hvassviðris.

Taflan á næstu síðum sýnir leiðbeinandi dæmi um takmarkanir, sem taka gildi hverju sinni við mismunandi vindstyrk og jafnframt hvernig ábyrgð skiptist milli aðila. Aðgerðir afgreiðsluaðila skulu vera í samræmi við settar öryggisreglur þeirra og eru á ábyrgð þeirra.

Vindhraði er 10 mínútna meðalvindur mældur með ASOS veðurmælíbúnaði Keflavíkurlflugvallar.

Vindhraði sem mælist:	Þýðir að....	Aðgerðastjórnin	Afgreiðsluaðili
40 - 49 hnútar	<p>Hver deild fyrir sig tekur ákvarðanir um öryggisráðstafanir og áhættumat.</p> <p>Ef þörf er á afsingu er hún nánast ómöguleg við þessar aðstæður.</p>	Þegar veðurspá gerir ráð fyrir 40 - 49 hnúta vindi skal aðgerðastjórnin virkja aðgerðaáætlanir og senda tilkynningu um, að svo hafi verið gert.	<p>Ef vindspá gerir ráð fyrir 40 - 49 hnúta meðalvindi skal koma öllum þeim afgreiðslutækjum og öðru lauslegu, sem ekki er brýn nauðsyn fyrir við flugvélaafgreiðslu, í hús eða úr fohættu.</p> <p>Þegar vindur er kominn í 40 hnúta og þar yfir skal aðgerðastjóri afgreiðsluaðila upplýsa starfsfólk sitt um veðurspá og jafnframt hvernig haga beri afgreiðslu þannig að sem minnst áhætta skapist</p>

Vindhraði sem mælist:	Þýðir að....	Aðgerðastjórnin	Afgreiðsluaðili
50 hnútar og yfir	<p>Ekki má nota færanlega farþegastiga – tröppur.</p> <p>Þegar flugvél er lagt að landgöngubrú og flughlað er hált, skal afísa allt svæðið undir öllum hjólum flugvélarinnar og einnig vinnusvæðið við lestar flugvélarinnar.</p> <p>Ef vindhviður fara yfir 50 hnúta, eða ef spáð er 50 hnúta vindhviðum eða meiri, skulu landgöngubrýr vera í geymslustöðu í samræmi við gildandi reglur um stjórn og meðferð landgöngubrúa Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.</p>	<p>Ef meðalvindhraði fer yfir 50 hnúta, eða ef spáð er yfir 50 hnúta meðalvindhraða skal aðgerðastjórnin leggja mat á það hvort farþegum / starfsfólki sé óhætt að ganga á hlaði m.t.t. vindstyrks og hálfu og gera nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi.</p>	<p>Ef meðalvindhraði fer yfir ákveðin mörk skal leggja flugvélum og snúa þannig á stæðum í samræmi við sértækan aðgerðalista flugrekenda / afgreiðsluaðila þannig að sem minnst hætta stafi af þeim.</p> <p>Landgöngubrýr má ekki nota. Þess vegna er ekki hægt að tengja straum við flugvélar frá rana.</p> <p>Afbrigði við afgreiðslu flugvéla má beita skv. samkomulagi við aðgerðastjórn, þegar flugvél er við landgöngubrú og vindstyrkur er nálægt 50 hnútum.</p>